

**Mál nr. 112/2015**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.**

**Árekstur bifreiða á Flugvallarvegi á Egilsstöðum þ. 24.2.2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 1.4.2015 ásamt fylgiskjali

**Málsatvik.**

Árekstur varð á Flugvallarvegi við Egilsstaðaflugvöll. Ökumaður bifreiðar B ók eftir Flugvallarvegi að gatnamótum Flugvallarvegur og Þjóðvegur nr. 1 og segist hafa verið kyrrstæður þegar ökumaður bifreiðar A hafi komið akandi inn á Flugvallarveg frá Þjóðvegi nr. 1 og hafi þá ekið á framhorn bifreiðar B. Ökumaður bifreiðar A segist hafa ætlað að snúa við á Flugvallarvegi og ekið inn á gangstéttina og verið kominn aðeins inn á akrein bifreiðar B þegar árekstur varð og segir að ökumaður B hafi ekki náð að stöðva B og ekið á A.

**Álit.**

Ökumaður A ók í umrætt sinn inn á gangstétt eða skarð á umferðareyju sem ætluð er gangandi vegfarendum og síðan í veg fyrir B. Með aksturslagi sínu braut ökumaður A gegn ákvæðum 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem hann gætti ekki nægjanlega að því að hann gæti snúið ökutækinu án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð. Telst hann því bera alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 30.4.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.